Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 4. september 2024.
Málsnr. 2403007
PBG/HH

Efni: Samhfæð svæðisskipan í málefnum barna.

Á 583. fundi stjórnar SSH, hinn 2. september 2024, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

> **2403007 - Samhæfð svæðisskipan í málefnum barna**
>
> *Vísað er til fyrri umræðu stjórnar SSH um málið en hún fór fram á 576., 578., 579. og 580. fundum. Gerð er tillaga um að komið verði á fót sameiginlegu farsældarráði landshlutans og að framkvæmdastjóra verði falið að gera viðaukasamning við sóknaráætlun við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna fjármögunar við innleiðingu. Nánar er fjallað um málið í fyrirliggjandi minnisblaði Hildigunnar Hafsteinsdóttur dags. 30. ágúst 2024. Fyrirliggjandi eru einnig glærur frá kynningu Svandísar Ingimundardóttur um málið sem fór fram á 576. fundi stjórnar.*
>
> ***Niðurstaða fundar:***
> *Stjórn samþykkir að komið verði á fót sameiginlegu farsældarráði innan höfuðborgarsvæðisins. Er framkvæmdastjóra þá falið að gera viðaukasamning við samning um Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins við mennta- og barnamálaráðuneytið um fjármögnun ráðningar verkefnastjóra sem starfi að undirbúningi stofnunar farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins og að ráða verkefnastjóra á grundvelli hans.*
>
> *Framangreint verði sent aðildarsveitarfélögunum til kynningar.*

Er framangreint hér með sent til kynningar á vettvangi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:
1. Kynning_spretthóps_080424_SSH.
2. Svæðisbundið farsældarráð minnisblað30824

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026